

4. gr.

Hvenær sem talin er þörf á, og eigi sjaldnar en árlega, skal mæla hlutfall súrefnis og glaðlofts frá vél og gera lekaprófun á henni.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum þeim, sem um getur í 15. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um tannlækningar nr. 38/1985 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Garðabæjar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. maí 1987 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Garðabæjar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Garðabæjar og skipulagsstjóra ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ**um afnám banns við línu- og togveiðum á Breiðafirði.**

1. gr.

Frá og með 1. júní 1987 er felld úr gildi reglugerð nr. 436 4. desember 1985 um bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. maí 1987.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.